



Skýrsla sveitarstjóra fyrir sveitarstjórnarfund 23. mars 2011

- Námskeið í fundarsköpum var haldið fyrir nefndar- og sveitarstjórnarfólk í Strandabyggð 10. mars 2011. Umsjón hafði Sigurður Guðmundsson, landsfulltrúi UMFÍ. Fyrirhuguð eru frekari námskeið fyrir einstaka nefndir og umræðufundur með sveitarstjórn Strandabyggðar.
- Frír flutningur er á gámum frá Hólmavík og nágrenni yfir á gámasvæðið við Skothúsvík fyrir þá sem panta pláss fyrir gáma fyrir 1. apríl 2011.
- Ný hafnargjaldskrá tók gildi 8. febrúar s.l. Innheimt verður eftir henni 1. apríl n.k. fyrir marsmánuð.
- Fundur var haldinn með eigendum, stjórn og starfsfólki Byggðasafnsins á Reykjum, 2. mars 2011 (sjá fundargerð).
- Fundur framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vestfjörðum var haldinn á Hólmavík 3. mars 2011 þar sem farið var yfir brún hagsmunamála og sameiginleg verkefni sveitarfélaganna. Sama dag funduðu framkvæmdastjórar sveitarfélaganna með stjórnnum og starfsfólki Fjórðungssambands Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Menningarráðs Vestfjarða, Markaðsstofu Vestfjarða og Vaxtarsamnings Vestfjarða um þróun og uppbyggingu stoðkerfisins á Vestfjörðum.
- Byggingarfulltrúi, Gísli Gunnlaugsson, er með viðtalstíma mánudaginn 21. mars, kl. 13:00 – 16:00.

Framundan

- Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur, mun fjalla um jarðhita í Strandabyggð við sveitarstjórn Strandabyggðar og atvinnumála- og hafnarnefnd. Fundurinn verður haldinn, mánudaginn 28. mars 2011. Haukur hefur komið að rannsóknum á jarðhita í Strandabyggð og víðar og hefur m.a. unnið hjá Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun og Ísor.
- Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir mun taka til starfa sem leikskólastjóri leikskólans Lækjarbrekku 4. apríl n.k.
- Fundur um þróun og uppbyggingu dreifbýlis í Strandabyggð verður haldinn í Sauðfjársetrinu á Sævangi þriðjudaginn 5. apríl 2011, kl. 20:00.
- Fyrirhugaður er fundur ríkisstjórnar Íslands með fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fundinum hefur verið frestað í þrígang, m.a. vegna veðurs.

Ingibjörg Valgeirsdóttir, sveitarstjóri
21. mars 2011